

Föstudaginn 3. mars 1978.

Nr. 27/1977. **Jónatan Þórmundsson**
Þór Vilhjálmsson og
Ragnar Ingimarsson
 (Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
 gegn
Svavari Gestssyni og gagnsök
 (Ingi R. Helgason hrl.).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Kröfu um refsingu og miskabætur hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma sem varadómarar í Hæstarétti Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari, Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður, Unnsteinn Beck borgarfégeti og Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. febrúar 1977 og gert þessar dómkröfur:

1. Að ummæli, sem út af er stefnt, verði dæmd dauð og ómerk.
2. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur í refsingu.
3. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða hverjum aðaláfrýjanda 50.000 kr. í miskabætur.
4. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða aðaláfrýjendum sameiginlega 25.000 krónur til þess að kosta birtingu væntanlegs dóms í opinberum blöðum.
5. Að gagnáfrýjanda verði dæmt skylt að sjá um, að væntanlegur dómur verði birtur í heild í 1. eða 2. tölublaði Þjóðviljans, er út kemur eftir birtingu dómsins.
6. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða aðaláfrýjendum sameiginlega málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi, áfrýjað málinu með stefnu 28. júní 1977 og gert þær kröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjenda og þeir dæmd-

ir til þess að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi ber sem ábyrgðarmaður dagblaðsins Þjóðviljans ábyrgð á hinum átöldu ummælum, sem birtust í ónafngreindri ritstjórnargrein í 68. tbl. blaðsins, er út kom 22. mars 1974. Ummælin beinast ótvírætt að aðaláfrýjendum, en þeir eru allir prófessorar og voru í hópi þeirra 14 manna, er stóðu að áskriftasöfnun Varins lands. Ummælin þykja ótilhlýðileg, og ber skv. 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga að ómerkja þau. Hins vegar þykja þau hvorki geyma refsiverðar móðganir né aðdróttanir í garð aðaláfrýjenda.

Þar sem niðurstaðan er sú, að gagnáfrýjandi hafi eigi gerst sekur um refsiverðar ærumeiðingar gagnvart aðaláfrýjendum, verður krafa þeirra um miskabætur ekki tekin til greina né heldur krafa um greiðslu til þess að kosta birtingu dómsins.

Samkvæmt 22. gr. laga 57/1956 ber að taka til greina kröfu aðaláfrýjenda um, að dómur þessi verði birtur í heild í fyrsta eða öðru tölublaði Þjóðviljans, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum 50.000 kr. í málskostnað í héraði, en rétt þykir, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ómerkingu ummæla og um málskostnað skulu vera óröskuð.

Birta skal dóm þennan í fyrsta eða öðru tölublaði Þjóðviljans, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. nóvember 1976.

Mál þetta, sem tekið var til dóms, að loknum munnlegum málflutningi, 16. október sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 20. júní 1974, af Jónatan Þórmundssyni prófessor, Bræðraborgarstíg 15, Þór Vilhjálmssyni, þáverandi prófessor, Stigahlíð 73, báðum í Reykjavík, og Ragnari Ingimarssyni prófessor, Máva-

nesi 22, Garðahreppi, gegn Svavari Gestssyni, ritstjóra og ábyrgðarmanni dagblaðsins „Þjóðviljans“, Brekkustíg 3 A, Reykjavík, vegna ærumeiðandi ummæla, sem birtust í ritstjórnargrein á bls. 6 í 68. tbl. blaðsins, er út kom 22. mars 1974. Greinin sé óundirrituð og stefnda því stefnt til ábyrgðar samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956.

Ummælin eru þessi:

„ prófessora, sem nú sitja sveittir við að mata tölvurnar á nöfnum hinna „nytsömu sakleysingja“, sem undirrituðu Watergatevílilinn (sic), og við að koma öllu í kerfi, svo að flokksvél Sjálfstæðisflokksins eigi sem auðveldast með að þekkja „sína“, þegar til almennra kosninga kemur að vori.“

Gera stefnendur þær dómkröfur, að framangreind ummæli verði skv. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 dæmd dauð og ómerk, að stefndi verði dæmdur í þingstu refsingu, sem á geti reynt skv. 234.—236. gr. sömu laga, að stefndi verði dæmdur til að greiða hverjum stefnenda fyrir sig kr. 50.000 í miskabætur skv. 1. mgr. 264. gr. sömu laga, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega kr. 25.000 skv. 2. mgr. 241. gr. sömu laga til að kosta birtingu væntanlegs dóms í málinu, forsendna og dómsorðs, í opinberum blöðum, að stefndi verði dæmdur til að sjá um, að væntanlegur dómur verði í heild birtur í 1. eða 2. tbl. „Þjóðviljans“, er út kemur eftir birtingu dómsins, sbr. 22. gr. laga nr. 57/1956, og að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega hæfilegan málskostnað að mati dómara.

Stefndi krefst algerrar sýknu af öllum kröfum stefnenda og ríflegs málskostnaðar úr hendi þeirra.

Málavextir.

Hinn 15. janúar 1974 efndu stefnendur ásamt ellefu öðrum mönnum til blaðamannafundar, þar sem þeir tilkynntu, að þeir hefðu bundist samtökum undir kjörorðinu „Varið land“ og að þeir hefðu undirbúið almenna söfnun undirskrifta til að mótmæla kröfum um uppsögn varnarsamningsins og brottvísun varnarliðsins. Vildu þeir þjóða öllum íslenskum borgurum tvítugum og eldri að undirrita svohljóðandi yfirlýsingu: „Við undirrituð skorum á ríkisstjórn og Alþingi að standa vörð um öryggi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar með því að treysta samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins, en leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamnings við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins.“ Þeir hefðu opnað skrifstofu í Miðbæ við Háaleitisbraut í Reykjavík, austurálmú, sem yrði opin dag hvern kl. 1400—1900,

með síma. Þar mætti undirrita yfirlýsinguna og fá undirskriftalista og upplýsingar og þar væri einnig tekið við framlögum þeirra, sem vildu taka þátt í kostnaði við skrifstofuna. Þeir mundu halda fund í Súlnasal Hótel Sögu mánudaginn 21. janúar kl. 1730 og væru þangað boðaðir þeir, sem vildu styðja mál þetta. Undirskriftasöfnunin mundi standa yfir til 20. febrúar og að ætlunin væri, að áskorunin ásamt nöfnum áskorenda yrði afhent forsætisráðherra og forseta sameinaðs Alþingis eigi síðar en 1. mars 1974. Hópurinn tilgreindi ástæður til þess, að hann hefði stofnað til undirskriftasöfnunarinnar þessar helstar:

„Við viljum, að Íslendingar taki áfram fullan þátt í samstarfi vestrænna lýðræðisþjóða, og er það undirstaða skoðana okkar á varnarmálum.

Hér á landi þurfa að vera traustar varnir.

Varnir landsins eru bæði beint í þágu Íslendinga, annarra þjóða við Norður-Atlantshaf, ekki síst Norðmanna, og í þágu varnarsamtaka Vesturlanda, sem eru trygging þess, að Ísland haldi frelsi og sjálfstæði.

Varnarlaust Ísland myndi veikja stöðu vestrænna ríkja í tilraunum þeirra til að ná samningi um að draga úr vígbúnaði.

Nú er innan og utan ríkisstjórnar Íslands unnið af kappi að því, að varnarliðið fari úr landi, og sumir reyna jafnvel að koma fram úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu.

Við teljum fulla ástæðu til, að fram komi, að íslenskur almenn-ingur krefst þess, að við tökum áfram þátt í samstarfi innan Atlantshafsbandalagsins og álítur ótímabært að vísa varnarliðinu á brott.“

Ríkisstjórn sú, er þá sat við völd, það er ráðuneyti Ólafs Jóhannessonar, hafði gert með sér málefнасamning árið 1971, þar sem m. a. sagði, að varnarsamningurinn við Bandaríkin skyldi tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hyrfi úr landi í áföngum, og að stefnt skyldi að því, að brottför liðsins ætti sér stað á kjörtímabilinu. Forgöngumenn „Varins lands“ þóttust sjá merki þess haustið 1973, að við þetta yrði staðið af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þeir töldu, að ríkisstjórnin hefði ekki umboð þjóðarinnar frá síðustu alþingiskosningum til slíks, og þeir vildu gera sitt til þess að sýna fram á þessa skoðun sína með undirskriftum íslensks almennings. Ofangreind áskorun, sem íslenskum almenningi var boðið að skrifa undir, var beinlínis beint til ríkisstjórnarinnar um að leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnar-

liðsins. Forgöngumenn undirskriftasöfnunarinnar tóku þar með eindregna afstöðu gegn ríkisstjórninni í máli þessu og fóru þar með inn á svið stjórnmálabaráttu og það í máli, sem heitastar deilur hafa orðið um á síðari árum með óeirðum og upphlaupi við Alþingi. Þeir máttu því vita, að andstæðingar þeirra í deilumáli þessu mundu beita sér af alefli gegn framtaki þessu. Dagblaðið Þjóðviljinn, „Málgagn sósíalisma, verkalýðshreyfingar og þjóðfrelsis“, birti daginn eftir, hinn 16. janúar 1974, frétt á þriðju síðu, þar sem sagði: „Bandaríkjalepparnir á stjá: Krefjast varanlegs hernáms í undirskriftasöfnun“. Í allmörgum tölublöðum upp frá því fram eftir mánuðinum og fram í febrúar birtust fréttir, greinar, myndir, vísur og þess háttar, þar sem ráðist var af hörku gegn undirskriftasöfnuninni og sérstaklega forgöngumönnum hennar. Önnur blöð tóku ekki slíka afstöðu, en ýmis félagasamtök gerðu samþykktir bæði með og á móti. Hinn 16. febrúar 1974 gerðist það, að Þjóðviljinn birti grein á fimmtu síðu þess efnis, að landsmenn væru flokkaðir með tölvu af „Vörðu landi“ og þarna væri um að ræða mestu persónunjósnir, sem tíðkast hefðu hérlandis. Upp frá því birtust ýmsar greinar í Þjóðviljanum með nánari útlistun á tölvuvinnslu forgöngumanna „Varins lands“ á undirskriftalistunum. Kom þar, að forgöngumennirnir ákváðu að höfða mál gegn ritstjóra og ábyrgðarmanni Þjóðviljans fyrir nafnlausar greinar og ritstjórnargreinar, er birst höfðu í blaðinu. Auk þess ákváðu þeir að höfða mál gegn ýmsum, sem höfðu skrifað aðrar greinar gegn þeim. Hinn 21. mars höfðu forgöngumennirnir skilað forsætisráðherra og forseta sameinaðs Alþingis undirskriftalistunum, sem voru alls 4880 með alls 55522 nöfnum atkvæðisbærra Íslendinga. Höfðu þeir þá farið yfir nafnalistana og notað til þess tölvu og vinsað úr nöfn þeirra, er eigi höfðu náð tvítugsaldri 1. mars, svo og nöfn þau, er tvítekin voru og fölsuð.

Málsástæður.

Stefnendur telja, að þar sem rætt sé um prófessora í ummælum þessum, sé átt við þá, en þeir hafi verið einu prófessorarnir í hópi forgöngumanna „Varins lands“. Efni ummælanna fari mjög í sömu átt og ýmissa annarra ummæla í „Þjóðviljanum“, þar sem sveigt hafi verið að hópnum. Undirskriftalistarnir hafi þrífaldlega verið nefndir Watergatevíxill og hvað eftir annað hafi verið klifað á því, að notkun tölvu, sem eingöngu hafi miðað að því að gera undirskriftalistana sem öruggasta, væri í þágu annarlegra hagsmuna, m. a. Sjálfstæðisflokksins. Stefnendur telja ummælin mjög ærumeiðandi fyrir sig. Með þeim sé verið að varpa

rýrð á undirskriftirnar og forgöngumenn þeirra með því að kenna þær við pólitískt hneykslismál í Bandaríkjunum, sem mjög hafi verið á dagskrá í fjölmiðlum. Þá sé því dróttað að stefnendum, að þeir hafi notað tölvu við undirskriftalistana í þeim tilgangi, að tilgreindur stjórnmalaflokkur gæti notfært sér það til pólitísku ávinnings í kosningum. Telja stefnendur þetta mjög alvarlega aðdróttun borna gegn betri vitund.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að samkvæmt stjórnarskrá og grundvallarreglum íslenskra laga hafi hver maður leyfi til að hafa skoðanir á pólitískum hugðarefnum og athöfnum annarra manna og láta þær í ljós opinberlega. Aldrei megi með lögum eða dómsúrskurði skerða þetta skoðanafrelsi og ekki sé leyfilegt að teygja klær meidýrðalöggjafarinnar svo langt að refsa manni fyrir að láta í ljós skoðanir sínar eða mat á pólitískum aðgerðum annarra manna. Undirskriftasöfnun stefnenda og hóps þeirra hafi verið pólitískt athæfi, sem hafi kallað á pólitísk viðbrögð og andsvör, jafnvel hjá fólki, sem sé afskiptalítið um stjórnmal almennt. Stefnendur hafi ekki getað búist við öðru og hafi ekki mátt búast við öðru. Svo ríkir almenningshagsmunir séu bundnir við þetta pólitíska frelsi, að smásmuguleg vernd ærunnar verði að víkja. Einnig bendir stefndi á, að ummælin séu í alla staði réttlætanagerleg. Tilgangurinn með því að nefna undirskriftalistana „Watergatevíxil“ sé að minna almenning, sem boðið sé að skrifa undir, á þá staðreynd, að með því að gera það sé viðkomandi að óska eftir tímabundinni hersetu erlends herliðs, sem lúti stjórn þess forseta Bandaríkjanna, sem staðinn sé að glæpum svo stórum, að hann hafi hrökklast úr embætti með skömm. Þetta séu því varnaðarorð og fráleitt að telja slíkt varða við lög. Öll ummæli um tölvuvinnslu undirskriftagagnanna séu einnig réttlætanagerleg, þar sem óleyfilegt sé að gera slíkt án leyfis. Tengsl við Sjálfstæðisflokkinn hafi, eins og Þjóðviljinn hafi bent á, komið berlega í ljós í kosningunum í júní, er yfirkjörstjórn hafi metið miða með einkennisorðum „Varins lands“ áróðursmiða Sjálfstæðisflokksins. Öll slík ummæli séu því réttlætanagerleg.

Niðurstaða.

Fallast ber á þá skoðun stefnda, sem studd er almenningi skoðun fræðimanna hér á landi, að hagsmunir þeir, sem bundnir eru við opinberar og óhindraðar umræður um þjóðmál og stjórnmal, geti verið taldir ríkari hagsmunum æruverndar. Í lýðfrjálsu þjóðfélagi er opinber umræða um þjóðmál og gagnrýni á stjórnmalaaandstæðinga og skoðanir þeirra nauðsynleg. Það leiðir til þess,

að í slíkum tilvikum verða árásir á æruna lögmætar, sem annars væru taldar ólögmætar. Í þjóðmálaumræðu er því um rýmkað málfrelsi að ræða. Einnig verður fallist á með stefnda, að ummælin falli undir stjórn málaumræður, þar sem undirskriftasöfnun stefnenda og hópsins „Varins lands“ var stjórn málalegs eðlis. Ummæli um stjórn mál og þjóðmál mega þó ekki ganga lengra en nauðsyn stjórn málabaráttunnar krefur, og þau mega ekki vera sett fram gegn betri vitund.

Í hinum átöldu ummælum er leitast við að tengja undirskriftasöfnunina við hneykslismál í bandarískum stjórn málum svo og víxlanotkun í fjármálum og að tölva hafi verið notuð í þágu ákveðins stjórn málaflökks, þ. e. Sjálfstæðisflökksins. Ummælin eru í heild ósönnuð og óréttlætt og verða að teljast ótilhlýðileg skamm-aryrði. Því ber að ómerkja þau í heild, en vegna ofangreindra sjónarmiða um rýmkað málfrelsi í þjóðmálaumræðu verða þau þó ekki talin refsiverð.

Stefnendur hafa krafist miskabóta úr hendi stefnda, kr. 50.000 til hvers stefnenda um sig. Stefnendur hafa hvorki sannað né gert sennilegt, að hin átöldu ummæli hafi bakað þeim miska, og þar sem það verður heldur ekki talið líklegt, eins og mál þetta er vaxið, verður krafa þessi ekki tekin til greina.

Eigi þykja efni til að taka til greina kröfu stefnenda um, að stefndi greiði kr. 25.000 til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs skv. 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940, en rétt er að dæma stefnda til að sjá um birtingu dómsins í 1. eða 2. tbl. Þjóðviljans, sem út kemur eftir birtingu hans, sbr. 22. gr. laga nr. 57/1956.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verður stefnda gert að greiða stefnendum málskostnað, sem ákveðst kr. 50.000.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan. Dómsuppsaga hefur dregist vegna mikilla anna dómarans.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera dauð og ómerk.

Stefnda, Svavari Gestssyni, skal skylt að sjá um, að dómur þessi verði birtur í 1. eða 2. tbl. Þjóðviljans, sem út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa.

Stefndi, Svavar Gestsson, greiði stefnendum, Jónatan Þórmundssyni, Þór Vilhjálmssyni og Ragnari Ingimarssyni, óskipt kr. 50.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.